

Ed.

542. Nefndarálit

[186. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að það verði samþykkt, en undirritaður leggur til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, eins og síðar greinir.

Meginefni frv. er það að breyta svo gildandi löggjöf um verðlagningu búvöru, að hið svonefnda „sexmannanefndar“-fyrirkomulag verði virkt, enda þótt einhverjir þeir aðilar, sem samkvæmt því eiga að ákveða verðlag landbúnaðarafurða, tilnefni ekki fulltrúa í nefndina. Komi þá til tilnefning af hálfu landbúnaðarráðherra, ef framleiðendur nota ekki tilnefningarrétt sinn, en tilnefning af hálfu félagsmálaráðherra, ef neytendur tilnefna ekki sína fulltrúa. Aðrar breytingar eru minni háttar.

Tilnefni þessara breytinga er það, að hið fyrra sexmannanefndarkerfi hrundi til grunna á s. l. sumri, er miðstjórn Alþýðusambands Íslands sá sér ekki lengur fært að tilnefna fulltrúa í nefndina og sagði upp aðild sinni að kerfi þessu. Leiddi þetta svo til útgáfu brbl. um verðlagningu búvöru á s. l. hausti.

Ástæður fyrir ákvörðun Alþýðusambandsins um að segja upp aðild sinni að starfi sexmannanefndar voru þær helztar:

- 1) Að hinar stöðugu hækkanir á búvöruverði væru að mestu afleiðing af verðbólguþróun stjórnarvalda og að á þá þróun mála gæti sexmannanefndin engin áhrif haft.
- 2) Að fleira yrði að koma til en verðlagning búvöru, ef leysa ætti brýnustu vandamál bændastéttarinnar og þá ekki sízt smærri bænda.
- 3) Að ógerlegt væri fyrir fulltrúa neytenda að bera ábyrgð á söluverði landbúnaðarvara, nema rannsakaður væri rækilega sá stórfelldi munur, sem orðinn er á söluverði landbúnaðarvara og því verði, sem bændur fá fyrir framleiðsluna.

Undirritaður telur, að þessi rök miðstjórnar A.S.Í. og önnur, sem fram voru færð fyrir aðgerðum þess á s. l. sumri, séu fullgild og að hvorki bændastéttinni né verkalyðsstéttinni hefði verið greiði gerður með því að halda áfram starfsemi sexmannanefndar. Á hinn bóginn er þó augljóst, að ný frambúðarskipan þessara mála varð að koma til í stað hins hrunda kerfis. Frá sjónarmiði verkalyðssamtakanna, sem sjálf búa við fullan samningsrétt um laun og kjör, er sú skipan eðlileg og raunar sjálfögð, að bændastéttin njóti sama réttar, eftir því sem við á. Krafan um fullan samningsrétt hefur og verið uppi hjá bændasamtökunum. Þannig fól aukafundur Stéttarsambands bænda, er haldinn var 14. og 15. des. s. l., fulltrúum sínum í sjö manna nefnd ríkisstjórnarinnar að „athuga jöfnum höndum möguleika á samningum um verðlagsmálin við fulltrúa frá ríkisstjórninni sem og fulltrúa frá öðrum aðilum.“ Og enn fremur lagði fundurinn áherslu á það, „að við væntanlegar breytingar á löggjöfinni . . . verði bændum tryggður að fullu samningsréttur um kjör sín.“

Það kann að geta virzt álitamál, hver mótaðili bændastéttarinnar eigi að vera, yrði þeim tryggður fullur samningsréttur um kjör sín. Það er þó skoðun undirritaðs, að raunhæfast sé, að slíkir samningar séu gerðir við ríkisvaldið, þar sem það hefur í sínum höndum flesta þá efnahagslegu þætti, sem máli skipta fyrir kjör bænda. Verðlagning búvara getur aldrei orðið nema einn þáttur í kjörum þeirra, þótt mikilvægur sé. Þjóðin öll kaupir og neytir landbúnaðarvara, og allur atvinnurekstur í landinu hefur hagsmuna að gæta í sambandi við verðlag þeirra, og

Því er eðlilegt, að ríkisvaldið hafi hönd í bagga með verðlagningu þeirra, en að sjálfsgöðu með fullu tilliti til hagsmuna bændastéttarinnar, sem þá mætti því í samningum sem fullgildur aðili að endanlegum ákvörðunum. Náist samningar ekki, hefðu bændur og samtök þeirra rétt til framleiðslustöðvunar eða jafnvel til einhliða verðákvörðunar eftir ákveðnum reglum, sem um það yrðu settar. Á hinn bóginn virðist þá einnig eðlilegt, að lögbundin viðmiðun við aðrar starfsstéttir félli niður.

Við afgreiðslu þessa máls nú síðustu daga þingsins er engin aðstaða til þeirrar lagasmíði, sem þörf er á, ef horfið yrði frá því samninga- og gerðardómsfyrirkomulagi, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Því leggur undirritaður til, að mál þetta verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi fyrir næsta reglulegt Alþingi, í samráði við samtök bænda, lagafrumvarp, er tryggi bændastéttinni fullan samningsrétt gagnvart ríkisvaldinu um kjör sín og án nokkurra gerðardómsákvæða, — og leiti samninga við framleiðsluráð landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda um verðlagningu landbúnaðarvara, þar til Alþingi hefur fjallað um nýja löggjöf, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Björn Jónsson.